

**REGLUGERÐ  
um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1174/2013  
að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 10 og 12,  
og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 27.**

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2014, frá 24. október 2014, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaráttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1174/2013 frá 20. nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekina alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS-staðla 10 og 12, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 27.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1174/2013 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 73/2014, 4. desember 2014, bls. 643.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2014 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. febrúar 2015.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Harpa Theodórsdóttir.*

Nr. 178

19. febrúar 2015

**Fylgiskjal.**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 243/2014**

**frá 24. október 2014**

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaráttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1174/2013 frá 20. nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópusingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 10 og 12, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 27 (¹).
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1174:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1174/2013 frá 20. nóvember 2013 (Stjórið. ESB L 312, 21.11.2013, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1174/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**  
formaður.

(¹) Stjórið. ESB L 312, 21.11.2013, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.